

Námskrá Grænuborgar



Grænuborg

Eiríksgötu 2a, 101 Reykjavík

www.graenaborg.is

graenaborg@rvkskolar.is

4114470

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Grænaborg.....	2
Hugmyndafræði Grænuborgar.....	2
Einkunnarorð Grænuborgar.....	3
Grunnþættir menntunar.....	3
Hlutverk leikskóla.....	4
Leiðarljós leikskóla.....	5
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.....	5
Leikur og nám.....	7
Námsumhverfi.....	9
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	11
Læsi og samskipti.....	11
Heilbrigði og vellíðan.....	12
Sjálfbærni og vísindi.....	14
Sköpun og menning.....	15
Mat.....	16
Mat á námi og velferð barna.....	17
Mat á leikskólastarfi.....	17
Samvinna og samstarf.....	18
Barnið og starfsfólk.....	18
Fjölskyldan og leikskólinn.....	18
Samvinna starfsfólks.....	19
Samvinna við grunnskóla – tengsl skólastiga.....	20
Samvinna við þjónustumiðstöð.....	20
Samvinna við Skóla- og frístundasvið.....	20
Skólanámskrá og starfsáætlun.....	21

GRÆNABORG

Leikskólinn Græ nuborg stendur við Eiríksgötu 2, efst á Skólavörðuholti. Hann er rekinn af Reykjavíkurborg, [Skóla- og frístundasviði](#). Húsnæðið er í eigu Barnavinafélagsins Sumargjafar. Byggingin er um það bil 630m² að stærð. Skólanum er skipt í fjórar aldursskiptar deildir sem heita: Dropadeild, Mánadeild, Stjörnudeild og Sólskinsdeild. Þar til viðbótar eru meðal annars salur, listasmiðja, tónlistar- og sérkennsluherbergi, eldhús og undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk. Auk þess er stórt útileiksvæði.

Græ nuborg var fyrst opnuð í júlí 1931 við Hringbraut í Reykjavík. Barnavinafélagið Sumargjöf lét reisa leikskólann fyrir börn í Reykjavík og sá um rekstur leikskólans til ársins 1978 en þá tók Reykjavíkurborg við rekstrinum. Í apríl 1983 var Græ nuborg opnuð í núverandi húsnæði. Hérna er hægt að fræðast um [Barnavinafélagið Sumargjöf](#).

Í skólanum er gert ráð fyrir 75 börnum. Börnin eru á aldrinum 18 mánaða til sex ára og raðast þau á deildir eftir aldri. Boðið er upp á fjögurra til níu stunda viðveru í skólanum. Hver og ein deild hefur sitt dagskipulag sem hæfir aldri og þroska barnanna sem eru þar hverju sinni. Leikskólinn er opinn frá kl. 7.45 til kl. 17.00

Í leikskólanum starfa, auk deildastarfsfólks, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, starfsfólk vegna sérkennslu og afleysinga og starfsfólk í eldhúsi. Venjulega er starfsfólkið um 20 talsins en fjöldi starfsmanna er breytilegur á milli ára.

Námskrá Græ nuborgar er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því sem við á. Leikskólastjóri ber ábyrgð á námskránni en hún er unnin af honum ásamt öðru starfsfólki skólans. Foreldraráð leikskólans yfirfer námskrána og hefur umsagnarrétt um hana.

HUGMYNDAFRÆÐI GRÆNUBORGAR

Í lögum um leikskóla frá 2008 segir í 2. grein „Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.“ Hugmyndafræði Græ nuborgar tekur mið af þessum þáttum.

Græ nuborg starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu 2011 og lögum og reglugerðum um leikskóla. Í aðalnámskrá er lögð áhersla á sex grunnþætti menntunar, *lesi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi*. Hver leikskóli mótar sína námskrá sem tekur mið af lögnum og aðalnámskránni.

Í skólastarfinu er stuðst við fjölgreindakenningu Howard Gardners til að vinna með grunnþætti menntunar og námssvið leikskóla. Kenningin gengur út frá því að greindarsviðin séu að minnsta kosti níu, *málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, samskiptagreind, breyfigreind, tónlistargreind, sjálfspekkjargreind, umhverfisgreind og tilvistargreind*. Börnin fá að njóta sín á eigin forsendum og hæfileikum. Í Græ nuborg á hvert og eitt barn að

fá tækifæri til þess að læra í gegnum þá greind eða þær greindir sem það er sterkast í um leið og það þroskar hinar greindirnar. Hvert viðfangsefni er því nálgast út frá mörgum hliðum. Stuðst er við þessi greindarsvið þegar starf innan leikskólans er skipulagt og séð er til þess að viðfangsefni sem vinna með styrkleika hvers greindarsviðs séu til staðar.

Allt skólastarf í Grænuborg er skipulagt fyrirfram og tilgreint á stundatöflu hverrar deildar. Þó er það ekki svo fast í skorðum að ekki sé svigrúm fyrir óvæntar upptakomur og hægt sé að bregða út af skipulagðri áætlun.

Meginforsenda þess að barninu líði vel í Grænuborg er að það fái þá umhyggju og hlýju sem það þarfnast og jafnframt að það þekki sín mörk. Það er því stór þáttur í starfi skólans að hlusta á og virða hvern einstakling þannig að hann upplifi bæði öryggi og vellíðan.

Unnið er samkvæmt heildtækri skólastefnu í Grænuborg þar sem öll börn hafa jafnan rétt til náms og börnin studd áfram eftir því sem þarf til að þau nái sem bestum mögulegum þroska.

EINKUNNARORÐ GRÆNUBORGAR

Einkunnarorð Grænuborgar endurspeglast í starfi skólans. Þau eiga að vera sýnileg í starfi skólans og fléttast saman við alla grunnþætti menntunar og námssvið leikskóla. Unnið er með einkunnarorð leikskólans með börnunum til dæmis með því að taka fyrir eitt einkunnarorð á viku og ræða og vinna með merkingu og mikilvægi þess og hvað það gefur okkur að hafa þau alltaf í huga. Saminn hefur verið texti um einkunnarorð Grænuborgar. Einkunnarorðin eru:

- ❖ **Gleði** – gleðjumst með börnunum, samstarfsfólkinu og foreldrum. Sýnum gleði í samskiptum því gleði gefur okkur öllum mjög mikið. Gerum hluti til að gleðja aðra og hluti sem gleðja okkur sjálf, sýnum gleði í umgengni við umhverfi okkar.
- ❖ **Umhyggja** – sýnum umhyggju í samskiptum og vinnu, látum okkur aðra varða og sýnum það í orði og verki. Gerum hluti til að sýna að við berum umhyggju fyrir hvert öðru og umhverfi okkar.
- ❖ **Vinsemd** – verum vinir og komum fram af vináttu, sýnum kærleik og látum alla finna fyrir mikilvægi hvers og eins.
- ❖ **Virðing** – sýnum hvert öðru virðingu. Umhverfinu þarf einnig að sýna virðingu. Gerum og segjum hluti til að sýna að við berum virðingu hvert fyrir öðru, fyrir umhverfi okkar og okkur sjálfum.

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldskóla. Í þeim eru þrjú fyrstu kaflarnir sameiginlegir. Þar er talað um hlutverk aðalnámskrár, almennt um menntun, mat og eftirlit. Aðrir kaflar aðalnámskráanna eru svo fyrir hvert skólastig fyrir sig. Rauði þráðurinn í gegnum öll skólastigin er sá sami og kallast grunnþættir menntunar. Grunnþættir menntunar eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði*

og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir eru meginatriðin í almennri menntun og eiga að stuðla að samfellu í skólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla 2011). Í aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættirnir fléttaðir saman við námssvið leikskóla.

Grunnþættirnir fléttast saman í leikskólanum og hafa áhrif hver á annan. Komið er inn á þá í ýmsum þáttum starfsins. Meðal annars er unnið með *læsi* í öllum samskiptum, í sögu- og söngstundum, umræðu um mismundandi miðla og vera læs á þá og með því að leggja áherslu á að horfa, hlusta og að lesa í aðstæður, auk þess er unnið með *læsi* eins og sett er fram í [læsistefnu](#) leikskólans. Unnið er að *sjálfbærni* til dæmis með því að flokka allt rusl, huga að orkunotkun, taka þátt í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar, efla



umhverfisvitund o.fl. Unnið er með *ljóðræði* og *mannréttindi* meðal annars með því að styðjast við mannréttindastefnu borgarinnar og að styðja við gagnrýna hugsun, hvetja til lýðræðislegra ákvarðana, bera virðingu hvert fyrir öðru og því sem aðrir gera, að allir sitji við sama borð og fái þann stuðning í námi sem þarf til að ná fram bestum mögulegum þroska. Unnið er með *jafnrétti* með því meðal annars að undirstrika að allir eigi að hafa jafnan rétt til leiks og starfa, huga að staðalímyndum og orðræðu, kynnast fjölbreytileikanum í gegnum vinnu með heimamenningu og auk þess setur skólinn sér markmið varðandi jafnréttisvinnu sem samþykkt er af Jafnréttisstofu. Unnið er með *sköpun* til dæmis með því að sjá til þess að það skapist tækifæri, aðstæður til sköpunar, að bjóða upp á ýmiss

konar efnivið, að börnin fái tækifæri til að njóta sín í sköpun þar sem vinnan sjálf og ferlið er í forgrunni, unnið er með sköpun í flestum þáttum starfsins til dæmis í tónlist, myndlist, leik og hreyfingu. Unnið er með *heilbrigði* og *velferð* með því að leggja áherslu á mikilvægi hreyfingar, góðrar næringar, mikilvægi hvíldar og hreinlætis og leggja áherslu á mikilvægi jákvæðrar líkamsvirðingar.

Eins og áður segir þá tvinnast grunnþættirnir saman og mynda námssvið leikskóla sem unnið er með á samþættan og skapandi hátt. Námsvið leikskóla eru fjögur: *læsi og samskipti*, *heilbrigði og vellíðan*, *sjálfbærni og vísindi*, *sköpun og menning*.

HLUTVERK LEIKSKÓLA

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og vinnur samkvæmt [lögum um leikskóla](#) og [aðalnámskrá leikskóla](#). Hann er skóli fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára þar sem unnið er með alla grunnþætti menntunar og tekið mið af [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#).

Leikskólinn vinnur að því að skapa aðstæður fyrir börn til að hafa jafna möguleika á að þroskast og dafna við leik og nám.

LEIÐARLJÓS LEIKSKÓLA

Í Aðalnámskrá leikskóla eru sett fram leiðarljós sem leikskólum er ætlað að vinna eftir og tekur starfsfólk Græuborgar mið af þeim í öllu starfi skólans.

Grunnleiðarljós Græuborgar eru:

- ❖ Að skapa umhverfi og aðstæður þar sem hverju barni er gert kleift að þroskast og dafna á sem bestan hátt. Barnið þarf að hafa möguleika á að efla alla þroskaþætti.
- ❖ Að skapa leik- og barnvænt umhverfi fyrir börn á leikskólaaldri óháð þroska, kyni, bakgrunni, aðstæðum og getu þeirra.
- ❖ Að skapa aðstæður þar sem barnið fær sem flest tækifæri til að nota leikinn sem námsleið. Leikurinn er ein helsta námsleið barnsins.
- ❖ Að efla sjálfstæði og sjálfsvitund barnsins í leik og starfi. Barnið þarf að læra að treysta á sjálft sig og vera sjálfstæður einstaklingur í hópnum.
- ❖ Að skapa aðstæður fyrir börnin til að vinna í hóp. Barnið lærir þar tillitssemi, reglur og að bera virðingu fyrir öðrum og öðlast skilning á margbreytileika og ólíkum menningarheimum.
- ❖ Að vera í góðu samstarfi við foreldra barnsins. Barnið þarf að finna fyrir samræminu sem ríkir á milli skóla og heimilis til að upplifa öryggi. Þannig er einnig hugað að velferð barnsins.
- ❖ Að gefa börnunum tækifæri til að vera á öruggu og fjölbreyttu útileiksvæði þar sem þau læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar.
- ❖ Að horfa á styrkleika barnanna og byggja á þeim.
- ❖ Að vinna með umhyggju, gleði, virðingu og vinsemd í öllu starfi.

LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI

Leikskólinn er samstarfsvettvangur barna, starfsmanna og foreldra. Mikilvægt er að hlusta á raddir allra og kalla eftir álitum og hugmyndum allra varðandi leikskólustarfið. Börnin læra að vera hluti af hóp þar sem virðing er borin fyrir öllum. Börnin læra að vera virkir þátttakendur í hópnum. Lögð er áhersla á það í Græuborg að börnin séu gagnrýnin, ræðin og komi með uppástungur. Við viljum nota opnar umræður til:

- ❖ Að læra að velja og hafna.
- ❖ Að læra að virða ákvarðanir annarra.
- ❖ Að hlusta.
- ❖ Að rökræða.
- ❖ Að taka ábyrgð.
- ❖ Að bera virðingu fyrir reglum.
- ❖ Að taka sjálfstæðar ákvarðanir.
- ❖ Að læra að þau geti haft áhrif á umhverfi sitt.


- ❖ Að geta verið þátttakendur í umræðu.
- ❖ Að vera meðvituð um jafnrétti.

Þær leiðir sem leikskólinn fer til að ná ofangreindum markmiðum í lýðræði og jafnrétti eru meðal annars:

- ❖ Að börnin velji sér efnivið og viðfangsefni í frjálsum leik. Börnin fá val um hvort þau vilja vera þátttakendur í þeim verkefnum sem boðið er uppá.
- ❖ Að við séum fyrirmyndir því börnin sjá þegar við fullorðna fólkið virðum ákvarðanir annarra. Börnin læra að þeirra skoðanir eigi rétt á sér þó aðrir séu ósammála, þau læra einnig að meirihlutinn ræður. Þegar börnin hefja leik verða tveir eða fleiri að koma sér saman um viðfangsefni. Þau læra að hver og einn ræður yfir sjálfum sér og engum öðrum. Börnum er einnig kennt að virða mörk annarra eins og þau vilja að þeirra mörk séu virt.
- ❖ Börnin skiptast á að segja frá og hlusta á aðra án þess að grípa fram í, í samverustundum og við matarborðið.
- ❖ Börnunum er leyft að rökræða sín á milli án afskipta kennara, til dæmis þegar þau eru að spila eða tefla. Ef kennari þarf að stíga inn í aðstæður þá er ítrekað að engin ein skoðun sé rétt og mikilvægi þess að hlusta á vini sína og taka tillit til þeirra skoðana.
- ❖ Börnin bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum, elstu börnin taka ábyrgð á sínum eigin fatnaði í fataklefa, setja blauta vettlinga og húfur á ofn og blaut fót í poka og ganga frá eftir sig þegar skipt er um viðfangsefni í leik.
- ❖ Börnin búa sjálf til reglur í leik og starfi og þau læra á lýðræði, auk þess sem börnin öðlast aukinn skilning á því hvers vegna við höfum reglur og hvers vegna þau ættu að framfylgja þeim.
- ❖ Börnin fá að velja sér viðfangsefni í frjálsum leik og stundum er þeim boðið að velja hvort þau vilji leika inni eða úti. Þau fá til dæmis að búa til nafn á hópinn sinn sjálf og notast er við hugmyndir þeirra í hópastarfi. Elstu börnin nota reynslu sína og þekkingu til að meta sjálf hverju þau klæðast í útiveru.
- ❖ Börnin velja lög í söngstundum og bækur í lesstundum. Í hreyfistundum hafa þau fengið að velja leiki og hvert æfingarnar þróast þegar það á við. Í bókasafnsferðum fær hvert og eitt barn að velja sér bók til að fá lánaða og þannig móta börnin bókakost deildarinnar.
- ❖ Oft kvikna skemmtilegar þælingar í samverustundum, í þemastarfinu eða við matarborðið þar sem allir fá að leggja sitt af mörkum.
- ❖ Í leikskólanum starfa jafnt konur sem karlar. Kennarinn skapar tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Öll börn hafa jafnan aðgang að leikefni sem þeim hentar. Haft er fyrir börnunum að hvorki sé til „stelpu- eða strákadót“ og fjölbreytileiki hafður að leiðarljósi.



LEIKUR OG NÁM



- Leikurinn er eitt af aðalsmerkjum skólans og helsta námsleið barnanna. Leikurinn gefur börnunum tækifæri til þess að prófa sig áfram og upplifa. Í honum eiga þau samskipti, mynda félagsleg tengsl, öðlast tækifæri til þess að skapa og margt fleira. Leikskólinn sér til þess að leikefni og kjöraðstæður séu til staðar fyrir öll börn skólans. Í deildarstarfi hafa börnin möguleika á að leika sér með jafnöldrum í litlum eða stórum hópum en einnig fá þau tækifæri til að leika sér ein. Í útiveru og sameiginlegum stundum hafa þau tækifæri til að leika við börn á mismunandi aldri.

Í dagskipulagi er gert ráð fyrir því að nægilegt pláss sé fyrir frjálsa og sjálfsprottna leiki. Fjölbreyttur efniviður, ýmist opinn eða skipulagður, er hafður tiltækur fyrir börnin þannig að þau fái tækifæri til að örva sem flesta þroskaþætti í gegnum leikinn. Passað er upp á að aðstæður fyrir sjálfsprottninn leik séu til staðar ásamt því að kennarar séu vakandi fyrir því að skapa aðstæður sem hvetja til og kveikja áhuga þeirra sem styður við frekara nám í gegnum leikinn.

Hlutverk kennarans í leiknum er að styðja og styrkja leik barnanna. Hann þarf að tengja leikinn við nám barnanna og skapa þannig aðstæður að leikurinn leiði ósjálfrátt til náms, nota leikinn til samskipta við börnin og sjá til þess að námssviðin fléttist inn í leik barnanna.

Við viljum nota leikinn til:

- ❖ Að efla þessa helstu námsleið barnanna.
- ❖ Að efla alhliða þroska.
- ❖ Að þroskast.
- ❖ Að tjá sig.
- ❖ Að barnið fái tækifæri til að upplifa raunverulegar aðstæður í gegnum leikinn.
- ❖ Að barnið fái tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og þekkingu í samræmi við þroska.
- ❖ Að kenna samskiptareglur og virðingu fyrir rétti annarra.
- ❖ Að vinna saman og taka tillit til annarra.
- ❖ Að vinna með allar greindirnar.
- ❖ Að vinna með alla grunnþætti menntunar.

Þær leiðir sem leikskólinn fer til að ná ofangreindum markmiðum í leik og námi eru meðal annars:

- ❖ Frjáls leikur í starfi skólans alla daga. Við bjóðum upp á leikefni og viðfangsefni sem höfða til áhugasviðs, aldurs og þroska barnanna.
- ❖ Kennarar eru nálægir í leiknum og stundum beinir þátttakendur, þeir hafa til dæmis orð á litum, fjölda, stærðum, orðum og öðrum hugtökum við börnin.

- ❖ Unnið er með allar greindir í gegnum hópastarf og frjálstan leik, svo sem í listasmiðju, hreyfistund, þema og tónlistarstund. Með fjölbreyttu en jafnframt skipulögðu starfi er komið inn á grunnþætti menntunar ásamt því að leggja áherslu á námssviðin.
- ❖ Unnið er að því að efla sjálfsskilning og sjálfstæði, aðstoða barnið við að koma auga á styrkleika sína og áhugasvið. Á hverjum degi þurfa börnin að vinna með öðrum börnum í leik og efla þannig félags- og samskiptafærni sína. Einnig er reynt að bjóða upp á krefjandi verkefni fyrir börnin, til dæmis hæfilega flókin púsl, spil og tafl. Á hinum ýmsu svæðum innan skólans eru þau að vinna með námssviðin. Sem dæmi má nefna listasmiðju, þar sem verið er að skapa og kanna nýjan efnivið og kynnast uppruna og takmörkum hans og eigin takmörkum ásamt því að læra á umhverfi sitt og annarra. Sú þekking, sem talið er að börn í leikskólum eigi að geta öðlast, byggir á því að nám fari fram í gegnum leik og skapandi starf
- ❖ Leikurinn er helsta námsleið ungra barna og styðja kennarar við nám þeirra í leik, búa þeim fjölbreytt og hvetjandi leikumhverfi og samþætt skapandi leikskólastarf. Þau eru virk í hvers konar hlutverkaleikjum þar sem þau geta tjáð sig í gegnum hlutverk sín. Börnin fá að nýta þekkingu sína á ýmsa vegu, til dæmis með því að vera sjálfstæð í að klæða sig og ákveða viðeigandi klæðnað eftir veðri á hverjum tíma.
- ❖ Að kenna samskiptareglur og virðingu fyrir rétti annarra. Hér koma gildi leikskólans inn, börnunum er kennt að sýna öðrum virðingu með því að hlusta á hvort annað. Lögð er áhersla á að hver og einn stjórni bara sjálfum sér en ekki öðrum. Einnig eru börnunum kenndar ýmsar reglur í spilum, leikjum og umgengni á deild og í umhverfi okkar bæði úti og inni.
- ❖ Unnið er með kurteisi, hvað hún þýðir og hvernig við sýnum hana.
- ❖ Lögð er rík áhersla á samvinnu og tillitsemi í leik og starfi í leikskólanum.
- ❖ Unnið er með greindirnar í daglegu starfi þar sem boðið er upp á leikefni sem samræmist greindunum auk þess sem unnið er með þær í hópastarfi þar sem viðfangsefnið er nálgast á ýmsa vegu. Börnin hafa því tækifæri til að nálgast efnið út frá þeim greindum sem þau eru sterkust í. Skipulag deilda er einnig byggt upp með það í huga að komið er inn á allar greindir í daglegu starfi deildanna.



Grunnþætti menntunar nálgumst við í gegnum leikinn meðal annars á eftirfarandi hátt. *Læsi* er til dæmis nálgast með því að hafa leikefni merkt svo auðvelt sé að sjá hvar allt á að vera. Þegar börnin eru að stíga sín fyrstu skref í að skrifa sjálf þá hefur bæði verið notast við forskrift frá kennara og stuðning frá kennara. Börnin búa líka til bækur og notast þau þá bæði við myndir og orð til að tjá sig. Þau lesa í leikinn hjá félögum sínum og sjá hvert leikurinn stefnir. Þau læra að lesa í aðstæður, hvað leikurinn býður upp á og hvernig þau geta brugðist við. Börnin læra meðal annars um *sjálfbarni* með því að hafa frjálstan aðgang að opnum efnivið í leik þar sem þau notast við eigið hugmyndaflug við úrvinnslu efnisins. Þau geta nýtt sér efniviðinn í leik en

læra að mikilvægt er að skilja við hann á sama hátt og þau komu að honum til að önnur börn geti sótt í hann á sama hátt. Lögð er áhersla á að þau gangi um allan efnivið af virðingu. Í gegnum frjálsa leikinn læra þau um *ljóðræði og mannréttindi*. Þau læra að þau eiga rétt á því að hafa sína skoðun en læra einnig að allir hafi ekki sömu skoðun. Þau læra á mörk hvers annars og á eigin mörk. Í gegnum leikinn læra þau að bera ábyrgð á eigin framkomu og gjörðum. Lýðræði er einnig virkur þáttur í frjálsum leik þar sem þau læra að þau hafa val sem ber að virða ásamt því að læra að virða val annarra. Hugað er að *heilbrigði og velferð* í leiknum með því að leggja áherslu á að gleðin í skólalastarfinu sé í fyrirrúmi. Börnin þurfa að virða og meta hvert annað í leik og læra að vera læs á tilfinningar hvert annars, virða samskiptareglur og samvinnu í leiknum. Skapað er rými fyrir hreyfingu og persónulegt rými í leiknum sem er hluti af því að efla heilbrigði og velferð barnanna. *Sköpun* er áberandi í frjálsum leik barnanna þar sem þau hafa frelsi til að skapa það sem þeim dettur í hug. Þar fá þau tækifæri til að uppgötva og njóta sín á eigin forsendum. Í leik barnanna er unnið gegn staðalímyndum með því að leggja áherslu á jafnan rétt allra, óháð kyni, aldri, uppruna, þroska, fötlun og öðrum þáttum. Börnunum er kennt að *jafnrétti* allra sé mikilvægur þáttur í daglegu lífi og í öllum leik.



NÁMSUMHVERFI

Námsumhverfi leikskóla er bæði innan- og utandyra. Gera þarf ráð fyrir fjölbreyttu umhverfi sem hæfir hverjum og einum. Græuborg skiptist í mismunandi svæði sem eru notuð í leik og starfi þar sem unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið leikskóla eins og þau eru sett fram í aðalnámskrá og allar greindirnar. Svæðin eru meðal annars:

DEILDIR – örugg heimahöfn fyrir börnin þar sem þau þekkja allt og alla. Þar er aðstaða fyrir frjálsa leikinn og skipulagðar stundir, þar er unnið með öll náms- og greindarsviðin, þar fer daglega lífið fram, það er móttakan, máltíðirnar, svefn/hvöld og svo framvegis. Þar er dagskrá barnsins ákveðin og þar fara samskipti við foreldra fram dagsdaglega. Á deildum er góður efniviður til leikja, svo sem kubbar, litir, skæri, leir, dúkkur, bílar o.fl. Börnin hafa frjálstan aðgang að öllu helsta leikefni deildarinnar og er leikefnið í þeirra hæð þannig að auðvelt er fyrir börnin að nálgast það.

FATAKLEFI – hver deild er með sinn eigin fataklefa, þar klæða börnin sig í fyrir útiveruna og úr þegar komið er inn. Þar er lögð áhersla á aukna sjálfshjálp eftir því sem börnin eldast, að þau öðlist færni í að klæða sig sjálf í og úr. Þar læra þau einnig að ganga frá fatnaði, hengja upp fötin sín og ganga frá skóm. Sjálfsbjargarviðleitni barnanna fær að njóta sín í fataklefanum og þau læra einnig að átta sig á því hvaða klæðnaður hentar hvaða veðri. Í fataklefanum er til dæmis unnið með sjálfbekkingargreind og líkams- og hreyfigreind.

LISTASMIÐJA – unnið að því að efla fagurskyn, litaskynjun, fínhreyfingar, hugmyndaflug, sjálfstraust og samhæfingu augna og handa. Þar er unnið með sköpun og menningu, vísindi, læsi og samskipti og öll greindarsviðin. Gefinn er möguleiki á að vinna með fjölbreyttan efnivið og börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar í gegnum listsköpunina. Lögð er áhersla á að þau fái að snerta og gera tilraunir. Það er ekki útkoman sem skiptir mestu, heldur ferlið og sköpunargleðin. Börnin hafa gott og bjart vinnuþláss. Þau glíma við mismunandi vinnuáferðir og efnivið, eins og málningu, vatnsliti, leir, vaxliti, skæri, lím, sem og tækifæri til að blanda saman mismunandi efniviði. Þau vinna þar bæði að frjálstri sköpun og fyrirfram ákveðnum verkefnum. Allt fer það eftir aldri og þroska barnanna. Á þetta svæði fara börnin um það bil einu sinni í viku.

SALUR – Í salnum er kjörinn vettvangur til að læra ný hugtök og að fara eftir reglum, efla sjálfstraust og samhæfingu, auka þol og finna mun á spennu og slökun. Þar er farið í skipulagða hópleiki, í hreyfistundir og unnið með tónlist og hreyfingu. Hver deild hefur aðgang að salnum einn dag í viku. Deildirnar nýta hann á mismunandi hátt eftir aldri barnanna, bæði í frjálstan leik og í skipulagðar hreyfistundir. Í salnum er unnið með allar greindirnar og öll námssviðin. Salurinn er einnig nýttur undir samkomur innan skólans, svo sem söngsal, leikrit, tónleika eða aðra sameiginlega viðburði.

SKOTIÐ – þar fara tónlistartímar fram. Börnin fara þangað í tónlistartíma um það bil einu sinni í viku og vinna með tónlistina. Þar er úrval hljóðfæra byrrið börnin að prufa, aðstaða til að hlusta á tónlist, horfa á tónlistarflutning og að dansa.



ÚTILEIKSVÆÐI – er til þess fallið að efla grófhreyfingar og líkamlega færni. Þar auka börnin þol og úthald, komast í samband við náttúruna og kynnast nánasta umhverfi. Einnig fá þau tækifæri fyrir ærslaleiki, hróp og köll. Á útileiksvæðinu eflast allar greindirnar ásamt grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. Útileiksvæðið er stórt og áhersla lögð á fjölbreytileikann í umhverfinu þannig að börnin fái sem flest tækifæri til að efla líkamlega færni. Þar gefst börnunum tækifæri til að leika sér frjálst á öruggu útileiksvæði undir eftirliti, þar sem boðið eru upp á grasflöt, brekkur, rólur, rennibraut, sandkassa, stóra steina og fleira. Af og til á sumrin er þar að auki á boðstólunum krítar, sápukúlur og vatnsleikir.

VETTvangsferðir – eru til að mynda farnar á bókasafnið, í náttúruskoðun eða til að læra umferðarreglur í gönguferðum. Farið er í vettvangsferðir til að auka á fjölbreytni og til að upplifa og njóta. Hver deild skipuleggur þær í samræmi við það starf sem er í gangi hverju sinni. Þessar ferðir eru ekki fastur liður í dagskipulagi en fléttast inn í starfið eftir því sem við á.

SAMÞÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF

Grunnþættir menntunar eru sex og þeir eiga að vera samþættir öllu skólastarfi. Grunnþættirnir fléttast saman við námssvið leikskóla. Námssvið leikskóla eru; *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*. Þau eiga að vera samofin öllu leikskólastarfi og stuðla meðal annars að því að hver og einn öðlist hæfni til að lesa í aðstæður, hæfni til að vera virkur þátttakandi í lýðræðislegu samfélagi, þekki sjálfan sig og eigin getu og nýti hæfni sína til að öðlast meiri færni.

LÆSI OG SAMSKIPTI


Þegar við vinnum með læsi og samskipti erum við að vinna með mannleg samskipti, að lesa í aðstæður og í umhverfið, félagslega færni, málþroska, lesa í tákni og margt fleira. Við vinnum til að mynda með læsi með því að örva málþroskann með samræðum, sögum, söngvum og hvatningu til tjáningar. Við lesum í tákni meðal annars með því að nota myndrænt dagskipulag. „*Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfið sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.*“ (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Hver deild heldur eina til þrjár sögu- eða samverustundir á dag (stundum eru þessar stundir kallaðar fundir). Þar gefst tækifæri til að fara yfir hvað dagurinn mun bjóða upp á, spjalla og segja frá, syngja og lesa. Í sögu- og samverustundum er lögð áhersla á:

- ❖ Að efla málgreind.
- ❖ Að efla samskiptagreind.
- ❖ Að auka orðaforða.
- ❖ Að auka málþroska.
- ❖ Að þjálfa hlustun.
- ❖ Að börnin læri að sitja kyrr og halda einbeitingu.
- ❖ Að miðla fróðleik.
- ❖ Að nota sögustundir til að taka á raunverulegum aðstæðum, til fræðslu svo sem jafningjafraeðslu og forvarnir svo sem umferðarfræðslu.
- ❖ Að leyfa ímyndunaraflinu að leika lausum hala.
- ❖ Að gefa börnunum tækifæri á að njóta góðra sagna og ævintýra.
- ❖ Að tengja þennan þátt við annað starf skólans svo sem myndlist.
- ❖ Að vinna með alla grunnþætti menntunar.

Markmiðið með læsi og samskiptum er að gefa börnunum tækifæri til að þroska málið og að auðvelda þeim tjáningu. Þar er sérstaklega átt við orðaforða, hugtök, málskilning og túlkun. Unnið er með hljóð- og málvitund barnanna frá yngstu deild leikskólans og upp á markvissan hátt (sjá nánar í [læsistefnu](#) leikskólans).

Börnin eru hvött til að tjá sig og tilfinningar sínar, þau eru hvött til rökræðna og til að rýna í aðstæður og meta þær. Áhersla er lögð á að þau öðlist skilning á táknum og ritmáli í umhverfinu. Í Grænuborg er unnið með tungumál á mismundi vegu og er það útlistað nánar í [læsistefnu](#) leikskólans. Unnið er með læsi og samskipti í öllu daglegu starfi leikskólans.



Þær leiðir sem leikskólinn fer til að ná ofangreindum markmiðum í leik og námi eru meðal annars:

- ❖ Lögð er áhersla á að orða hluti og athafnir í öllum samskiptum og eru börnin hvött til þess að nota orðin sín ef þau eru fær um það.
- ❖ Lesið er fyrir börnin ásamt því að syngja með þeim og kenna þeim vísur. Kennarar eru einnig meðvitaðir um að útskýra flókin orð og flóknari texta.
- ❖ Unnið er með framsögn á deildunum. Börnin standa upp og kynna lag fyrir framan alla í skólanum í söngsal á föstudögum. Þau standa upp og velja lag í samveru, segja frá einhverju skemmtilegu sem þau gerðu eða er að gerast í lífi þeirra.
- ❖ Á einni deild er heimaveggur þar sem börnin koma með nokkrar myndir að heiman sem eru límdar á kanton og settar upp á vegg á deild barnsins. Á tveimur elstu deildunum gera þau tvær síður með myndum og sögum um sjálft sig og fölskyldur þeirra sem þau koma með í skólann og sýna og kynna.
- ❖ Börnin eru hvött til að lesa í aðstæður hverju sinni til dæmis með því að nýta sér myndrænt dagskipulag, horfa í kringum sig og meta þannig hvað er í boði og hvort að það sé pláss eða möguleikar á til að fara inn í verkefni sem er í gangi.

Helsti efniviður sem nýttur er með börnunum í mál og læsi eru bækur, myndrænt dagskipulag, merkingar á leikefni, efniviði, borðum og margt fleira.

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í leikskólanum er hugað vel að heilbrigði og vellíðan. Í aðalnámskrá segir að í leikskóla eigi börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu, t.d. með daglegri útiveru á krefjandi útileiksvæði, næringarríku mat, skipulögðum hreyfistundum og fjölbreyttum viðfangsefnum.

Í skólanum er gott rými til að vinna með bæði fín- og grófhreyfingar. Með því að leggja áherslu á hreyfingu er lagður grunnur að góðri heilsu og vellíðan barnanna. Þau læra að þekkja eigin getu og að takast á við ný og krefjandi verkefni um leið og þau auka úthald, þol og þor. Með þátttöku í hópleikjum eflist félagsþroski og sjálfsvitund eykst. Börnin læra að þekkja líkama sinn og átta sig á eigin getu. Hreyfingin kennir börnunum

einnig að skynja líkama sinn, öðlast samhæfingu hreyfinga og jafnvægi og veitir börnunum útrás. Hreyfing með tónlist eflir taktskynjun og tilfinningu fyrir tónlistinni. Í hreyfistund í salnum er hugað að því:

- ❖ Að efla líkams- og hreyfigreind.
- ❖ Að þjálfra grófhreyfingar.
- ❖ Að kenna hópleiki.
- ❖ Að efla sjálfstraust.
- ❖ Að efla rýmisgreind.
- ❖ Að kenna hugtök.
- ❖ Að auka þol barnanna.
- ❖ Að finna mun á spennu og slökun.
- ❖ Að efla samhæfingu.
- ❖ Að vinna með heilbrigði og velferð, læsi, sköpun og jafnrétti.

Hugað er að góðri og hollri næringu yfir skóladaginn og matseðill settur saman með hliðsjón af ráðleggingum landlæknis og lýðheilsustofnunar. [Matartíminn](#) sér um eldhús Grænuborgar og vinnur matseðla miðað við næringarþörf barnanna. Börnin hafa kost á morgunverði, hádegisverði og síðdegishressingu. Í matartímum er lögð áhersla á:

- ❖ Að börnin tileinki sér almenna borðsiði.
- ❖ Að börnin geti skammtað sér sjálf bæði mat og drykk (miðað við aldursgetu) og að þau átti sig á hæfilegu magni.
- ❖ Að börnin nái góðu valdi á að nota hníf og gaffal.
- ❖ Að börnin læri að skera sjálf.
- ❖ Að skapa rólegt og gott andrúmsloft til samræðna.
- ❖ Að börnin fái hollar og næringarríkar máltíðir samkvæmt viðmiðum embættis landlæknis.
- ❖ Að vinna með heilbrigði og velferð.
- ❖ Að börnin kynnist fjölbreyttu fæði.

Gert er ráð fyrir hvíld yfir daginn þar sem næði gefst til að slaka örlítið á en lengd hennar fer eftir aldri barnanna. Nauðsynlegt er fyrir börn að fá hvíld í einhverju formi yfir daginn. Yngstu börnin sofa eftir hádegi en þau eldri fá rólega stund eftir hádegismatinn. Þau leggjast til dæmis og hlusta á sögur eða tónlist eða eru í samveru í litlum hópum og slaka á. Í hvíldartímanum er lögð áhersla á:

- ❖ Að barnið fái tækifæri til þess að einbeita sér að sjálfu sér í hóp (að ná innri ró).
- ❖ Að börnin fái tækifæri til að slaka á.
- ❖ Að efla sjálfsþekkingargreind.
- ❖ Að efla tengsl starfsfólks og barna.
- ❖ Að læra að slaka á við rólega tónlist og lestur.

- ❖ Að vinna með samskipti.
- ❖ Að vinna með heilbrigði og vellíðan.

Lögð er áhersla á að kenna börnunum almennt hreinlæti, til dæmis er lögð rík áhersla á handþvott. Unnið er með barnið frá bleiuskiptum til sjálfshjálpar. Á salernistímum er lögð áhersla á:

- ❖ Að börnin temji sér almennar hreinlætisvenjur.
- ❖ Að fara frá þörfum yngstu deildar skólans, þar sem byrjað er að venja þau af bleiu, til þess að þau bjargi sér alveg sjálf á elstu deild skólans.
- ❖ Að leggja áherslu á handþvott og almennt hreinlæti.
- ❖ Að vinna með heilbrigði og velferð.

Auk ofantalinna þátta er hugað að heilbrigði og vellíðan barnanna í nær öllu daglegu starfi skólans. Börnin eru hvött til að velja hentugar líkamsstillingar við leik og störf, þau hvött áfram í hreyfingu og talað við þau um mikilvægi þess að fara vel með líkama sinn, virða hann og varðveita.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Börnunum er mikilvægt að kynnst sínu nánasta umhverfi og læra að umgangast það og koma fram við það af virðingu.



Náttúrunni kynnst börnin að mestu á útisvæði skólans. Þar er matjurtagarður, sandur og mold til að róta í, gras til að snerta og lykta af, blóm og tré til að fylgjast með vaxa og dafna, auk þess eru þar hin ýmsu smádýr sem gaman er að skoða, svo sem ánamaðkar, flugur, lirfur og köngulær. Farið er í sveitaferð einu sinni á ári, þar sem víðáttan er meiri og þó sérstaklega nóg af dýrum til að horfa á, lykta af og snerta. Oft eru hlutir og smádýr sótt út í náttúruna og færð inn til frekari skoðunar en passað upp á að sýna þeim fyllstu virðingu og skila þeim aftur þaðan sem þau voru tekin að skoðun lokinni. Við fylgjumst með hringrás lífsins t.d. með ferðum niður að Reykjavíkurtjörn, með heimsóknum í Húsdýragarðinn og í sveitaferð.

Í Grænuborg flokkum við rusl og börnin eru mjög virkir þátttakendur í því. Þau flokka og sjá til þess að allt sé flokkað. Börnin fá fræðslu um flokkunina og tilgang hennar. Þau skiptast á að vera umhverfisfulltrúar á tveimur elstu deildunum en umhverfisfulltrúar sjá um að passa upp á flokkunina og sjá um að tæma flokkunarílátin þegar þörf er á. Leikskólinn hefur lokið öllum 4 skrefunum í *Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar*. Auk þess er Grænuborg þátttakandi í verkefninu *Skóli á grænni grein í átt að Grænfánanum*.

[Umhverfisstefna Grænuborgar](#) er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Börnin eru hvött til að lesa í umhverfi sitt, prufa það á allan hátt, klifra, skriða, snerta og bragða á því.

Vísindi eru mikilvægur hluti af nánast öllu starfi leikskólans. Á öllum tímum eru börnin að átta sig á eiginleikum þess efniviðar sem verið er að vinna með hverju sinni. Þeim gefst tækifæri til þess að ígrunda og vera gagnrýnin í hugsun þegar tekist er á við viðfangsefni og einnig á það sem kemur upp í starfinu án þess að verið sé að vinna markvisst að því. Á sama tíma eru þau einnig að skynja og upplifa nýja hluti og því er mikilvægt að vera vakandi fyrir áhuga barnanna hverju sinni og nýta þann áhuga til frekari rannsókna.

SKÖPUN OG MENNING

Í Græuborg er góð aðstaða fyrir hverskonar sköpun. Markmiðin með sköpuninni eru margþætt. Með henni geta börnin tjáð tilfinningar sínar, þróað fínreyfingar og eflt samhæfingu augna og handa. Tónlist er notuð í leik og starfi þar sem börnin geta ýmist hlustað á hana, notað hana til að hreyfa sig við, sungið eða notað þau hljóðfæri sem skólinn á.

Unnið er með leikræna tjáningu í skólanum, meðal annars í gengum hreyfingu, í hreyfileikjum, tónlistarleikjum og með því að efla börnin í framkomu. Börnin fá tækifæri og aðstæður til að búa til leikrit eða brúðuleikrit og til að halda tónleika.

Unnið er með myndlist bæði í listasmiðju skólans og inni á deildum þar sem börnin hafa aðgang að ýmsum efnivið til dæmis, pappír, litum, skærum, lími o.fl. Meginmarkmið með listsköpuninni er:


- ❖ Að efla rýmisgreind.
- ❖ Að efla rök- og stærðfræðigreind.
- ❖ Að efla sjálfsþekkingargreind.
- ❖ Að efla umhverfisgreind t.d. með því að endurnýta verðlaust efni.
- ❖ Að efla fagurskyn.
- ❖ Að efla litaskyn.
- ❖ Að efla fínreyfingar.
- ❖ Að efla hugmyndaflug.
- ❖ Að efla sjálfstraust.
- ❖ Að efla samhæfingu augna og handa.
- ❖ Að gefa möguleika á að vinna með mismunandi efnivið.
- ❖ Að gefa tækifæri á að tjá tilfinningar í gegnum listsköpun.
- ❖ Að hvetja til frjálstrar sköpunar.
- ❖ Að fá innsýn í þroska barnanna.
- ❖ Að gefa börnunum tækifæri á að vinna sjálfstætt, að ferlið fái að njóta sín en ekki einblína á útkomuna.
- ❖ Að hvetja börnin í því að standa fyrir framan hóp og tjá sig.
- ❖ Að vinna með alla grunnþætti menntunar og öll námssvið leikskóla.

Unnið er með tónlist á ýmsum tímum og stöðum bæði inni á deildum og í tónlistarherbergi. Markmiðið með tónlistarkennslunni er meðal annars:

- ❖ Að styrkja tónlistargreind.
- ❖ Að auka orðaforða.
- ❖ Að efla málþroska.
- ❖ Að auka færni í að syngja.
- ❖ Að hlusta.
- ❖ Að kynnst og ef til vill leika á hljóðfæri.
- ❖ Að hreyfa sig eftir tónlist.
- ❖ Að kynnst hinum ýmsu þáttum tónlistar, veikt–sterkt, hratt–hægt, dimmt–bjart og svo framvegis.
- ❖ Að fá tækifæri til að upplifa tónlist á margvíslegan hátt.
- ❖ Að syngja á hverjum degi.
- ❖ Að læra lög og texta.
- ❖ Að vinna með alla grunnþætti menntunar.

Farið er í vettvangsferðir á myndlistasýningar eða á tónleika sem boðið er upp á fyrir leikskólabörn. Einnig eru leiksýningar og tónleikar haldnir í leikskólanum.

Leitast er við að hafa nægan og fjölbreyttan efnivið í leikskólanum svo börn geti skapað sinn eigin ævintýraheim.



Menning og hefðir samfélagsins eru, eftir því sem við á, kynntar fyrir börnunum. Í Grænuborg er Þorrinn kynntur og haldið Þorrablót á hverju ári. Haldið er upp á bolludag, sprengidag og öskudag. Við tökum þátt í sameiginlegum dögum í samfélaginu eins og umhverfisdegi, degi náttúrunnar, degi íslenskrar tungu, degi gegn einelti og degi einhverfunnar svo eitthvað sé nefnt. Einnig er ýmsum íslenskum hátíðum gert hátt undir höfði og við jólaball og fáum íslenska jólasveina í heimsókn ásamt fleiri

skemmtilegum síðum úr íslenskri menningu.

MAT

Gert er ráð fyrir að nám barnanna sé metið reglulega með markvissum hætti. Auk þess er gert ráð fyrir að starf skólans sé metið reglulega. Í matinu á allt samfélag skólans að vera þátttakandi.

MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja við nám og velferð barna.

Græ nuborg notast við *Hljóm-2* – skimunartæki til athugunar á hljóð- og málvitund leikskólubarna og leið til að finna börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Það er lagt fyrir elstu börn leikskólans og fylgja niðurstöður með þeim í grunnskólann. Ef niðurstöður Hljóm-2 eru slakar fyrir barnið miðað við jafnaldra eru þau studd áfram til að ná betri færni. Farið er af stað með vinnu hjá þeim börnum sem koma út með slaka færni og þau studd til að ná fram þeirri færni sem uppá vantar. Einnig er notað færnischema fyrir elstu börn leikskólans sem fylgir þeim yfir í grunnskólann.

Skólinn er að innleiða fleiri leiðir til að meta nám barnanna og verða þær leiðir settar inn í námskrá þegar innleiðing þeirra er komin lengra á veg. Má þar nefna frekari skráningu og einnig hefur skólinn verið að nýta Íslenska máhljóðamælinn sem er notaður til þess að skima framburðhljóðkerfisþætti og skiljanleika tals hjá öllum aldurhópum.

Skráning á framförum barna í ýmsum þáttum hafa farið fram undanfarið, en á komandi árum verður þessi skráning aukin svo hún gefi enn betri mynd af námi barnanna.

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Innra mat á starfi skólans fer fram jöfnum höndum á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum en þá er notast við óformlegt mat. Um það bil einu sinni á ári er gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Hver deild skilar skriflegu mati á vetrarstarfinu á hverju vori auk þess sem einstakir þættir skólastarfsins eru metnir þegar þurfa þykir. Gerð er umbótaáætlun þegar þurfa þykir miðað við útkomur úr innra mati (formlegu og óformlegu) og henni skilað með starfsáætlun til Skóla- og frístundasviðs.

Til stendur að auka þátt barnanna í formlegu mati á leikskólastarfinu. Verið er að leita að heppilegum leiðum til að gera þátttöku þeirra mögulega en leiðirnar verða settar inn í námskrána um leið og þær liggja fyrir. Í dag taka þau þátt í mati þegar meta á námsefni deildanna með því að svara munnlega spurningum um það sem er skemmtilegast að gera í leikskólanum. Þannig er rýnt í það námsefni sem börnunum býðst á deildum.

Borgaryfirvöld standa fyrir formlegu ytra mati á starfi Græ nuborgar með reglulegu millibili. Um er að ræða rafrænt mat sem sent er til foreldra leikskólubarnanna. Borgin gerir einnig rafræna viðhorfskönnun meðal starfsmanna annað hvert ár. Auk þess gera rekstraraðilar, Skóla- og frístundasvið, ytra mat á innra starfi skólans á nokkurra ára fresti með þátttöku alls leikskólasamfélagsins.

Árlega sendir leikskólinn út eina til þrjár viðhorfskannanir til foreldra varðandi ýmsa þætti leikskólastarfsins. Oftast eru þetta rafrænar kannanir.

Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár og er hún svo endurmetin og gerð umbótaáætlun út frá niðurstöðum mats á starfsárinu. Námskráin og handbækur eru endurmetnar árlega og hver deild metur og endurgerir dagskipulagið í upphafi hvers skólaárs.

SAMVINNA OG SAMSTARF

Leikskólastarfið einkennist af þéttu og miklu samstarfi og samvinnu allra sem koma að starfinu í Grænuborg. Mikilvægasta samvinnan er við börnin og barnanna á milli. Lögð er rík áhersla á gagnkvæma virðingu í allri samvinnu.

BARNIÐ OG STARFSFÓLK

Í aðalnámskrá segir að starfsfólk leikskóla eigi að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þeirra og hlusta á þau og að starfsfólk eigi að leitast við að vera gefandi í samskiptum við börnin. Mikil áhersla er lögð á faglega og fallega framkomu við börnin og að samvinna við börnin sé á uppbyggilegum nótum. Í Grænuborg er ígrundað hrós notað til að styðja og leiðbeina nemendum. Hrósið er notað í samhengi við jákvæða styrkingu svo að börnin séu meðvituð um að þau standi sig vel og eru þau þar af leiðandi hvött til að halda áfram á þeirri braut.

Lögð er áhersla á virka hlustun í samskiptum við börnin til dæmis með því að horfa í augu þeirra og sjá að viðkomandi er að hlusta, gefa börnunum tíma til að tjá sig, fara niður í þeirra hæð, sýna viðbrögð við því sem börnin segja og láta barnið sjá að þú hlustar á það og að þau upplífi að það sem þau hafi að segja skipti okkur máli.

FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Gott samstarf við foreldra er afar mikilvægt. Nauðsynlegt er fyrir barnið að starfið í leikskólanum sé í sem mestu samræmi við heimili barnsins til að vellíðan og öryggiskennd þess sé sem mest og að hámarksárangur náist við eflingu alhliða þroska þess.

Samvinna við foreldra fer aðallega fram á deildum dagsdaglega en einnig geta foreldrar hringt og talað við deildarstjóra. Tvö formleg foreldraviðtöl er á ári, í október og nóvember og svo aftur í mars og apríl. Almennur foreldrafundur er á haustin þar sem vetrarstarfið er kynnt.



Við leikskólann starfar foreldrafélag. Tveir foreldrar af hverri deild sitja í stjórn foreldrafélagsins. Kosið er í stjórnina á foreldrafundi á haustin ár hvert. Stjórn foreldrafélagsins hittist um það bil einu sinni í mánuði yfir veturinn. Foreldrar greiða árgjald til foreldrafélagsins fyrir hvert barn sem er í leikskólanum. Sjóður foreldrafélagsins er nýttur til þess að greiða fyrir ýmskonar viðburði fyrir börnin í leikskólanum, má þar nefna leikrit, sveitaferð og sumarhátíð.

Samkvæmt lögum þá starfar einnig foreldraráð við leikskólann. Í því sitja þrjár fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti ár hvert.

Deildastjórar senda foreldrum tölvupóst um það sem er verið að gera á deildum hverju sinni. Hengdar eru upp tilkynningar á deildum þegar minna þarf á einhvern viðburð. Á vefsíðu skólans eru upplýsingabæklingar frá deildum, dagatal, foreldrahandbók og fleiri upplýsingar til foreldra. Tvær elstu deildirnar er með fjölskyldubók sem er á deildinni, aðgengileg öllum sem vilja skoða. Í bókinni gefst tækifæri til að segja frá fjölskyldu barnsins og setja inn myndir af fjölskyldunni. Ein deild eru með heimavegg þar sem hvert barn má koma með nokkrar myndir að heiman sem eru svo settar á karton og settar upp á vegg deildarinnar. Allt er þetta gert til að tengja fjölskylduna og skólann betur og vinna markvisst með heimamenningu sem varpar ljósi á margbreytileikann og mikilvægi hans.

[Foreldrahandbók](#) má nálgast á vefsíðu leikskólans, í henni má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra barna í leikskólanum.

SAMVINNA STARFSFÓLKS


Leikskólastarfið byggir meðal annars á góðri og markvissri samvinnu á milli starfsfólks skólans svo að sem mestur árangur náist með starfinu. Starfsfólk er fyrirmynd barnanna í leikskólanum og mikilvægt að sú fyrirmynd sé jákvæð og uppbyggileg.

Til að ná fram sem bestri samvinnu er starfsmannahandbók í skólanum sem öllu starfsfólki ber að vinna eftir. [Hérna](#) má sjá starfsmannastefnu Grænuborgar. Auk þess hafa deildir vinnuáætlun og handbók fyrir alla starfsmenn á deildinni. Starfsmannafundir eru haldnir á starfsdögum og deildarfundir tvisvar sinnum í mánuði og á starfsdögum. Á þessum fundum eru mál varðandi skólann og deildirnar rædd og skipulögð, endurmetin og samræmd. Deildastjórafundir eru haldnir aðra hvora viku.

SAMVINNA VIÐ GRUNNSKÓLA – TENGLSKÓLASTIGA

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi (Aðalnámskrá leikskóla 2011).


Samstarfið við grunnskólann í hverfinu, Austurbæjarskóla, er í örri þróun. Elstu börnunum í Grænuborg er boðið að koma í grunnskólann á vorin og skoða sinn tilvonandi skóla. Þau setjast á skólabekk með börnum úr 1. bekk auk þess sem þau fá af og til formlegt boð til að koma í heimsóknir í grunnskólann yfir veturinn. Grunnskólanemar 1. bekkjar sem hafa verið í leikskólanum og kennarar þeirra koma einnig í heimsókn í leikskólann. Færnischema, sem kennarar elstu deildar fylla út, fylgir barninu úr leikskólanum í grunnskólann, og auk þess niðurstöður úr *Hljóm2* (athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna).



Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á það að minnsta kosti þrjú starfsdagar séu samræmdir í skólhverfinu.

Samstarf milli frístundaheimilisins í Austurbæjarskóla, Draumalands, og elstu barna leikskólans hefur einnig verið í þróun og stendur til að gera meira úr þeirri samvinnu.

SAMVINNA VIÐ ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ



Grænuborg er í samvinnu við þjónustumiðstöð hverfisins, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sem er til húsa við Laugaveg 77. Þangað leitar skólinn eftir sérfræðiþjónustu handa börnunum – svo sem sálfræðiþjónustu. Að öllu jöfnu koma aðilar á vegum þjónustumiðstöðvarinnar til að meta færni barna ef á þarf að halda og þaðan koma leiðbeiningar til skólans varðandi sérkennslu leikskólabarnanna. Oft eru aðilar frá þjónustumiðstöðinni í teymi sem myndað er utan um þau börn sem njóta sérkennslu.

SAMVINNA VIÐ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Skóla- og frístundasviði „er ætlað að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Leiðarljós skóla- og frístundasviðs er að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og að þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Hlutverk sviðsins er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið og að vera framsækið forystuafli í skóla- og

frístundastarfi. Á skóla- og frístundasviði eru börn og ungmenni í brennidepli og öll þjónusta tekur mið af því.“ (<http://reykjavik.is/SFS>)

Skóla- og frístundasvið sér um rekstur leikskóla sem borgin rekur.

SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN

Skólanámskrá þessi er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því sem við á. Leikskólastjóri ber ábyrgð á henni en allt skólasamfélagið kemur að henni.

Skólanámskráin á að vera lýsandi fyrir leikskólastarfið sem fer fram í Grænuborg og tekur mið af lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla 2011.

Árlega er gerð starfsáætlun fyrir komandi skólaár. Í henni er litið yfir liðið skólaár, leikskólinn settur fram í tölum – fjöldi og aldursdreifing barna, samsetning á starfsmannahópnum, hvaða mat var unnið á árinu, hverjar verða áherslur komandi árs og umbótaáætlun frá niðurstöðum mats á liðnu skólaári.

Bæði skólanámskráin og starfsáætlunin aðstoða við að leggja mat á allt leikskólastarfið.